



Stefna um hagsmunaárekstra

Það er stefna Landsbankans að fyrirbyggja hagsmunaárekstra og stýra þeim hagsmunaárekstrum sem ekki er unnt að fyrirbyggja svo þeir hafi ekki neikvæð áhrif á hagsmuni viðskiptavina bankans.

Landsbankinn veitir alhliða fjármálaþjónustu og því má gera ráð fyrir að upp komi aðstæður þar sem hagsmunir bankans eða starfsfólks á hans vegum fari ekki saman við hagsmuni viðskiptavina og aðstæður þar sem hagsmunir ólíkra viðskiptavina fara ekki saman. Slíkir hagsmunaárekstrar kunna að hafa, eða virðast hafa, skaðleg áhrif á hagsmunagæslu bankans fyrir hönd viðskiptavina. Þá geta einnig komið upp hagsmunaárekstrar milli bankans og starfsfólks á hans vegum.

Stefna um hagsmunaárekstra lýsir því skipulags- og stjórnunarfyrikomulagi sem bankinn viðhefur í þeim tilgangi að uppfylla viðeigandi lagakröfur og gera allar viðeigandi ráðstafanir til að greina og koma í veg fyrir eða takast á við hagsmunaárekstra. Stefnan gildir um allt starfsfólk og alla þjónustu þar sem bankinn tekur að sér að gæta hagsmuna viðskiptavina.

Þegar talað er um hagsmuni Landsbankans í þessari stefnu er einnig átt við hagsmuni annarra féлага í samstæðunni. Þegar talað er um starfsfólk Landsbankans í þessari stefnu er einnig átt við meðlimi bankaráðs, einkaumboðsmenn og aðra sem koma fram fyrir hönd Landsbankans eða einkaumboðsmanna. Með viðskiptavinum í þessari stefnu er átt við viðskiptavini í skilningi laga um markaði fyrir fjármálagerninga og aðra viðskiptavini sem bankinn hefur umboðsskyldu gagnvart.

Efnisyfirlit

1. Greining á hagsmunaárekstrum.....	4
2. Skráning hagsmunaárekstra.....	4
3. Ráðstafanir til að fyrirbyggja hagsmunaárekstra.....	4
4. Innleiðing og ábyrgð.....	5
5. Eftirlit og upplýsingagjöf.....	5
Viðauki.....	6

1. Greining á hagsmunaárekstrum

Landsbankinn gerir allar viðeigandi ráðstafanir til að greina og skrá þær aðstæður í starfseminni þar sem hagsmunaárekstrar geta komið upp sem kunna að hafa neikvæð áhrif á hagsmuni viðskiptavina eða óskir þeirra varðandi sjálfbærni.

Við greiningu á hagsmunaárekstrum er horft til hagsmunaárekstra sem geta komið upp:

- milli Landsbankans og viðskiptavina bankans,
- milli starfsfólks og viðskiptavina bankans,
- milli ólíkra viðskiptavina bankans,
- milli bankans og starfsfólks.

Bankinn uppfærir greiningar á hagsmunaárekstrum reglulega og þegar tilefni er til, svo sem í tengslum við vörubróun eða skipulagsbreytingar. Bankinn framkvæmir einnig atviksbundnar greiningar í tengslum við verkefni sem kunna að fela í sér mikla hættu á hagsmunaárekstrum.

Greining hagsmunaárekstra er unnin í samráði við Regluvörslu.

Í viðauka við þessa stefnu er að finna samantekt á þeim helstu aðstæðum í starfsemi bankans þar sem geta komið upp hagsmunaárekstrar sem kunna að skaða hagsmuni viðskiptavina ef ekki væri gripið til viðeigandi ráðstafana til fyrirbyggja þá eða stýra þeim.

2. Skráning hagsmunaárekstra

Landsbankinn heldur skrár yfir atvik þar sem hagsmunaárekstur hefur skapast. Regluvarsla hefur umsjón með skráum yfir hagsmunaárekstra.

3. Ráðstafanir til að fyrirbyggja hagsmunaárekstra

Þar sem er hættu á hagsmunaárekstrum beitir Landsbankinn viðeigandi ráðstöfunum til að koma í veg fyrir að slíkt hafi neikvæð áhrif á viðskiptavini bankans. Helstu ráðstafanir bankans eru:

- Skilvirkt skipulags- og stjórnfyrirkomulag, sem felur meðal annars í sér aðgreiningu ábyrgðar og starfa í samræmi við þriggja þrepa líkanið og skilvirka áhættustýringu, regluvörslu og innra eftirlit,
- innra regluverk, þar á meðal háttemisreglur, reglur um meðferð hagsmunaárekstra, reglur um einkahagsmuni og reglur um framkvæmd viðskiptafyrirmæla, ásamt skjalfestum viðeigandi ferlum,
- aðskilnaður starfssviða þar sem fyrir hendi er hættu á hagsmunaárekstrum, í húsnæði, upplýsingakerfum, stjórnun og afkomu,
- að skrá greindar hættur á hagsmunaárekstrum og halda skrár yfir þá hagsmunaárekstra sem koma upp,
- hæft starfsfólk sem fær reglulega þjálfun,
- öruggt ferli fyrir starfsfólk til að upplýsa um grun um misferli,
- að gæta að hagsmunaárekstrum við ákvörðun starfskjara og ef bankinn býður eða bjóðast hvatagreiðslur,
- að tryggja að viðskipti starfsfólks og stjórnenda bankans, eða aðila í nánnum tengslum við þau, og viðskipti venslaðra aðila lúti sömu reglum og viðskipti við aðra viðskiptamenn í sambærilegum viðskiptum,
- aðrar atviksbundnar ráðstafanir þar sem almennar ráðstafanir veita ekki fullnægjandi vissu fyrir því að hagsmuna viðskiptavina sé gætt.

Ef engar ráðstafanir veita fullnægjandi vissu fyrir því að hættu á hagsmunaárekstrum verði afstýrt kann bankinn sem þrautaúrræði að upplýsa viðkomandi viðskiptavin skriflega, áður en þjónusta er veitt, um tilvist hagsmunaáreksturs og af hverju ráðstafanir bankans duga ekki til að tryggja hagsmuni viðskiptavinar á fullnægjandi hátt. Í upplýsingunum er fjallað almennt um eðli og ástæður hagsmunaárekstursins og hvaða ráðstafanir hafi verið gerðar til að draga úr hættunni, á nægilega ítarlegan hátt til að gera viðkomandi kleift að taka upplýsta ákvörðun um hæfi bankans til að sinna verkefninu.

Landsbankinn tekur ekki að sér verkefni ef ekki er unnt að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra sem hafa í för með sér raunverulega hættu á að hagsmunir eins eða fleiri viðskiptavina skaðist eða muni skaðast ef ekki er unnt að veita viðskiptavin fullnægjandi upplýsingar til að taka upplýsta ákvörðun um hæfi bankans til að sinna verkefninu, svo sem vegna trúnaðarskyldu gagnvart öðrum viðskiptavinum.

4. Innleiðing og ábyrgð

Fastanefndir bankans viðhalda eftirfarandi reglum til að framfylgja þessari stefnu:

- Reglur um meðferð hagsmunaárekstra
- Reglur um einkahagsmuni
- Reglur um framkvæmd viðskiptafyrirmæla

Stjórnendur viðskiptaeininga þar sem fyrir hendi er hætta á hagsmunaárekstrum eru ábyrgir fyrir að fylgja þessari stefnu og tengdum reglum í sinni starfseiningu. Þessu til samræmis skal stjórnandi:

- hafa yfirsýn yfir hættur á hagsmunaárekstrum í sinni starfseiningu og sjá til þess að hagsmunaárekstrar séu greindir reglulega og þegar tilefni er til,
- sjá til þess að einingin fylgi viðeigandi reglum og ferlum til að draga úr hættu á hagsmunaárekstrum og tilkynni þá hagsmunaárekstra sem koma upp,
- sjá til þess að starfsfólk fái og sæki reglulega fræðslu um hagsmunaárekstra.

Sérhver starfsmaður ber ábyrgð á að upplýsa stjórnanda að eigin frumkvæði um einkahagsmuni sem kunna að tengjast þeirra verkefnum. Þá ber sérhver starfsmaður ábyrgð á að starfa eftir þessari stefnu og þeim reglum og ferlum sem henni tengjast og að gera Regluvörslu viðvart ef upp kemur grunur um brot á þessari stefnu.

5. Eftirlit og upplýsingagjöf

Regluvarsla annast annars stigs eftirlit með framkvæmd þessarar stefnu og tengdra reglna og veitir ráðgjöf eftir þörfum.

Regluvörður fjallar um framkvæmd og skilvirkni stefnu þessarar í ársskýrslu Regluvörslu til bankaráðs.

Viðskiptavinir fá lýsingu á stefnu og reglum bankans um hagsmunaárekstra, sem má leggja fram sem ágríp, og nánari upplýsingar ef þess er óskað.

Viðauki

Eftirfarandi er samantekt á þeim helstu aðstæðum í starfsemi bankans þar sem geta komið upp hagsmunaárekstrar sem kunna að skaða hagsmuni viðskiptavina ef ekki væri gripið til viðeigandi ráðstafana til fyrirbyggja þá eða stýra þeim:

1. Bankinn, dótturfélög eða starfsfólk kunna að njóta fjárhagslegs ávinnings (eða komast hjá tapi) á kostnað viðskiptavinar, svo sem:
 - þegar veitt er ráðgjöf eða tekin er ákvörðun um viðskipti fyrir hönd viðskiptavinar,
 - við ákvörðun eða ráðgjöf um hvernig viðskipti skuli framkvæmd,
 - ef mismunandi vörur eða þjónustur eru seld samtímis,
 - við ákvörðun eða ráðgjöf um forgangs röðun eða úthlutun í viðskiptum,
 - þegar lagt er mat á eða veittar eru upplýsingar varðandi verðmæti eða sjálfbærni eigna eða varðandi áhættu eða árangur í viðskiptum, eða
 - í viðskiptum fyrir eigin reikning.
2. Bankinn, dótturfélög eða starfsfólk kunna að eiga aðra hagsmuni undir en viðskiptavinur af niðurstöðu þjónustu sem veitt er viðskiptavini, svo sem:
 - ef niðurstaðan hefur áhrif á eigin viðskipti eða eignir,
 - ef niðurstaðan hefur áhrif á viðskipti annarra viðskiptavina, eða
 - ef niðurstaðan hefur áhrif á tengda aðila, aðra viðskiptavini eða samkeppnisaðila.
3. Bankinn, dótturfélög eða starfsfólk kunna að hafa hvata til að setja hagsmuni eins viðskiptavinar eða hóps viðskiptavina frammar hagsmunum annars viðskiptavinar, svo sem
 - vegna félagslegra eða fjárhagslegra tengsla við viðkomandi viðskiptavini, eða
 - ef viðkomandi viðskiptasambönd eru talin arðbærari.
4. Bankinn, dótturfélög eða starfsfólk kunna að stunda sams konar rekstur og viðskiptavinur, svo sem:
 - ef viðskiptavinur er samkeppnisaðili.
5. Bankinn, dótturfélög eða starfsfólk kunna að taka við hvatagreiðslu frá þriðja aðila í tengslum við veitingu þjónustu til viðskiptavinar, svo sem:
 - hvatagreiðslur frá markaðsaðilum fyrir viðskiptafyrirmæli sem er miðlað til þeirra,
 - hvatagreiðslur frá útgefendum fyrir markaðssetningu og sölu á þeirra afurðum, eða
 - hvatagreiðslur frá þjónustuaðilum í skiptum fyrir upplýsingar, notkun eða tilvísanir.